





VR 2018

Umbrot/Útlit: **Tómas Bolli Hafþórsson**


Prentun: **Oddi ehf.**

Félagið í hnotskurn	4	
Ávarp formanns	6	
Stjórn VR starfsárið 2017-2018	6	
Kjarasamningar	7	
Endurskoðun kjarasamninga	7	
Aðrir kjarasamningar	7	
Kjaramál	8	
Vinnustaðæftirlit	8	
Efnahagsyfirlit VR	8	
Kaupmáttarreiknivél VR	8	
Dómsmál	9	
Sjúkrasjóður	10	
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR	10	
Sjúkradagpeningar	10	
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2017-2018	10	
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	11	
Hvatning og stuðningur	11	
Fræðslumál	12	
Starfsmenntamál	12	
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2017-2018	12	
Orlofsmál	13	
Ný orlofshús	13	
Afsláttarmiðar og kort	13	
Nýting orlofshúsa 2016-2017	13	
Stjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2017-2018	13	
Ályktanir, fundir og nefndir	14	
Ályktun stjórnar VR um skattleysi lægstu launa	14	
Áskorun stjórnar VR vegna ofurbónusa	14	
Ályktun stjórnar og trúnaðarráðs vegna kjarasamninga	14	
Yfirlýsing formanns VR	14	
Fundir starfsárið 2017-2018	14	
Nefndir og stjórnir starfsárið 2017-2018	14	
Erlend samskipti	15	
Önnur starfsemi	16	
Lagabreytingar	16	
VR stefnir íslenska ríkinu vegna ákvörðunar kjararáðs um hækkun launa alþingismanna og ráðherra	16	
Hæstiréttur dæmir VR í vil í máli félagsins gegn ríkinu vegna breytinga á atvinnuleysistryggingum	16	
VR stofnar leigufélag	16	
VR varasjóður	16	
Starfsemi þjónustudeildar	17	
Rannsóknir og kannanir	17	
Útgáfu- og kynningarmál	17	
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla fyrir nemendur	18	
Félagsmál	18	
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	19	
Skipulag skrifstofu VR	20	
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2018	20	
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2017	21	
Trúnaðarráð	21	
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	21	
Ársreikningur 2017	22	
Skýrsla stjórnar	22	
Áritanir	22	
Rekstrarreikningur 2017	25	
Efnahagsreikningur 31. desember 2017	26	
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017	27	
Skýringar – yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2017	28	
Skýringar – efnahagur sjóða VR 31. desember 2017	29	
Skýringar	30	

Almenn starfsemi og þjónusta 2016-2017

	2017	2016
Fjöldi félagsmanna	35.231	32.813
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.859	1.608
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsm.	6.650	6.311
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	15.849	14.248
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.302	1.083
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	320	284
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	4.170	3.769


Þróun kaupmáttarvísitölu VR




Lykiltölur VR 2017

Félagsgjöld	1.281.955.303
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.818.843.568
Orlofssjóðsiðgjöld	445.063.714
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	258.823.443
Aðrar tekjur	145.385.722
Samtals tekjur	3.950.071.750
Bætur og styrkir	1.339.806.461
Greiðsla úr varasjóði	612.890.744
Rekstrargjöld	1.651.123.966
Samtals gjöld, bætur og styrkir	3.603.821.171
Fjármagnsliðir	610.019.000
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	956.269.579


Heildarfjöldi kjaramála




Greiðslur úr VR varasjóði 2017




Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember ár hvert




Breyting á launavísitölu VR milli ára




Fjöldi félagsmanna




Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, fjöldi pr. 1.000 félagsm.




Mínar síður á vr.is



Kynjabókhald VR



Launamunur kynjanna innan VR skv. launkönnun



ÁVARP FORMANNS

Starfsár stjórnar VR 2017 til 2018 var bæði stórt og viðburðaríkt. Félagsmönnum fjölgaði mikið, þeir voru rétt um 35 þúsund í lok árs 2017 eða tæplega 7% fleiri en á fyrra ári sem er mesta fjölgun milli ára sem sést hefur frá því fyrir hrun. VR hefur stækkað jafnt og þétt, árið 1996 voru félagsmenn um fjórtán þúsund og hefur félagið því ríflega tvöfaldast á síðustu tveimur áratugum. Á þessum tíma hefur VR sameinast sex öðrum verslunarmannafélögum, síðast Verslunarmannafélagi Suðurlands en sú sameining var samþykkt á aðalfundi VR 2017. VR er því orðið enn stærra innan Landssambands íslenskra verslunarmanna.

Á starfsárinu fór stjórn VR í stefnumótunavinnu um framtíð sjóða félagsins. Niðurstaða hennar var að gera ekki breytingar á því fyrirkomulagi sem nú ríkir um starfsemi sjóðanna og er það í takt við kannanir sem félagið hefur gert meðal félagsmanna á undanföllum árum um viðhorf til sjóða félagsins. Gríðarleg aukning félagsmanna sem leita til Sjúkrasjóðs VR sýnir að sjóðurinn er mikilvægur bakhjarl félagsmanna en greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist um tæplega 73% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa.

Aukin ásókn er einnig í VR varasjóð, aldrei hafa fleiri sótt um styrk úr sjóðnum frá stofnun hans fyrir rúmum áratug, tæplega 16 þúsund félagsmenn fengu styrk úr VR varasjóði á árinu 2017. Þá eru starfsmenntasjóðir sem VR á aðild að einnig í sókn, hámarksstyrkur úr sjóðunum var hækkaður á árinu og nýtt fagháskólanám í verslunarstjórnun kynnt, hið fyrsta sinnar tegundar. Námið er unnið í samvinnu við vinnumarkaðinn og háskólana.

Af vettvangi kjaramála ber hæst ákvörðun stjórnar og trúnaðarráðs að samþykkja að segja bæri kjarasamningum á almennum vinnumarkaði upp í ljósi augljóss forsendubrests, en VR varð undir í atkvæðagreiðslu um uppsögn þegar samningarnir komu til endurskoðunar í febrúar 2018. Stjórn ákvað að hækking persónuafsláttar verði eitt af helstu kröfum félagsins í komandi kjarasamningaviðræðum og beindi þeim tilmælum til stjórnvalda að endurskoða fjárhæð afsláttarins en markmið félagsins er að lægstu laun verði skattfrjáls. Og enn um kjaramálin, VR og alþingismaðurinn Jón Þór Ólafsson hafa stefnt íslenska ríkinu vegna ákvörðunar kjararáðs um hækking launa alþingismanna og ráðherra. Ragnar Aðalsteinsson rekur málið fyrir hönd VR.

Þjónusta kjaramálasviðs er eitt mikilvægasta hlutverk VR og hafa aldrei fleiri mál komið til kasta sviðsins en á liðnu ári, alls 1.859 mál. En VR leggur áherslu á að styrkja kjarabaráttuna á marga vegu og er ný kaupmáttarreiknivél VR fyrir félagsmenn liður í því. Reiknivélin var kynnt í upphafi árs 2018 en hún gjörbyltir því hvernig við reiknum út kaupmátt launa, í krónum talið. Tekið er tillit til fjölskyldusamsetningar, þess hvort fólk sé á leigumarkaði eða í séreign og hvernig skerðing bóta hefur áhrif á kaupmátt vegna tekjutenginga. Reiknivélin er tímamótaframlag í kjarabaráttuna sem mun nýtast okkur í að finna hvar áherslurnar eiga að liggja.

Stjórn VR lét til sín taka í háværrri þjóðfélagsmæðu um ofurbónusa og samþykkti að skora á almenning og fyrirtæki að hugsa sig tvisvar um áður en þau beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem greiða slíka bónusa til æðstu stjórnenda. Hvatt var til mótmæla fyrir utan Lykil (áður Lýsing) til að mótmæla fyrirhuguðum bónusum til eigenda þess fyrirtækis, en það féll frá bónusgreiðslunum áður en til mótmællanna kom. Ljóst er að félagið getur haft mikil og viðtæk áhrif í þjóðfélaginu þega það beitir sér á þennan hátt.

Orlofsmálin hafa verið fyrirferðarmikil undanfarin ár en VR hefur verið að fjölga orlofshúsum í samræmi við stefnu Orlofssjóðs sem samþykkt var árið 2016. Á starfsárinu voru til dæmis tekin í notkun tvö glæsileg hús í Hálöndum á Akureyri og þrjár glæsilegar íbúðir í hjarta bæjarins. Einnig er verið að fjölga húsum í öðrum landshlutum og til skoðunar að horfa út fyrir landsteinana. Þá hefur einnig verið samþykkt að fara í endurnýjun á innviðum húsa í Miðhúsaskógi. Metsala hefur verið í sölu gjafabréfa hjá Wowair og Icelandair og fara vinsældir bréfanna sívaxandi.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins samþykktu á starfsárinu að stofna leigufélag VR þar sem lögð verður áhersla á að hafa leigu eins lága og unnt er. Félagið mun leita hagstæðustu lánskjara hverju sinni og mun leiguverð til félagsmanna taka mið af því. Reiknað er með að eigið fé félagsins, sem komi úr félagssjóði, muni bera sambærilega vexti og á lengstu ríkistryggðu skuldabréfum.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Frá vinstri: Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Dóra Magnúsdóttir og Harpa Sævarsdóttir. Á myndina vantar Bjarna Þór Sigurðsson, Benóný Val Jakobsson, Elizabeth Ann Courtney, Guðrúnu Björk Hallbjörnsdóttir og Kristjónu Þorbjörgu Jónsdóttir.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2017 - 2018

Ragnar Þór Ingólfsson formaður
Helga Ingólfssdóttir varaformaður
Harpa Sævarsdóttir ritari

Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Unnur María Pálmadóttir.

Varamenn: Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir

ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGA

Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði komu til skoðunar í forsendunefnd í febrúar 2018, eins og ákvæði samninganna kveða á um. Nefndin var sammála um að forsenda um aukinn kaupmátt hafi staðist en klofnaði í afstöðu sinnar til ákvæðis um launastefnu samninganna. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins töldu ekki forsendubrest fyrir hendi en fulltrúar Alþýðusambands Íslands voru á öndverðum meiði og töldu forsendu um að launastefna samninganna væri stefnumarkandi fyrir vinnumarkaðinn hafa brostið.

Málinu var vísað til samninganefnda aðila. Samninganefnd ASÍ, sem í eiga sæti formenn landssambanda ASÍ, fulltrúi félaga með beina aðild, formenn VR og Eflingar auk forseta ASÍ, samþykkti samhljóða á fundi þann 28. febrúar að hlíta ákvörðun formannafundar sambandsins sem fundaði svo síðar þann dag og greiddi atkvæði um tillögu um uppsögn. Á fundi formannanna var viðhöfð tvöföld kosning og þurfti bæði meirihluta fundarmanna sem fóru með atkvæði á fundinum og meirihluta þess atkvæðavægis sem að baki þeim stóðu til að segja samningum upp. Í kosningu formannanna sögðust 42,9% vilja segja samningum upp en 57,1% vildu það ekki. Staðan snerist við í vægis-kosningu, 66,9% vildu segja samningum upp en 33,1% vildu það ekki. Þar sem ekki náðist meirihluti í báðum atkvæðagreiðslum fyrir uppsögn var tillagan felld. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði halda því út samningstímann eða til loka árs 2018.

Trúnaðarráð samþykkir uppsögn kjarasamninga

Afstaða stjórnar og trúnaðarráðs VR til uppsagnar kjarasamninganna var mótuð á fundum í aðdraganda endurskoðunarinnar en staða kjaramála kom til umræðu á þremur fundum. Á fundi stjórnar og trúnaðarráðs þann 27. febrúar var samþykkt ályktun þar sem lagt var til að samingum yrði sagt upp, nema fram kæmi tilboð sem rétt gæti af þann forsendubrest sem orðið hefði. Ályktunin er svohljóðandi:

„Fundur stjórnar og trúnaðarráðs VR sem haldinn var þriðjudaginn 27. febrúar 2018 lítur svo á að forsendur kjarasamninga séu brostnar og að öllu óbreyttu beri að segja þeim upp. Augljóst má vera að aðrir launahópar hafa fengið launahækkanir sem eru umfram þær hækkanir sem félagar í VR hafa fengið á viðmiðunartímabili gildandi kjarasamninga.

Fundurinn krefst þess að kjarasamningar verði endurskoðaðir þannig að forsenduákvæði haldi, ella komi til uppsagnar og er formanni VR veitt fullt umboð fundarins til þess að meta slíkt ef tilboð er lagt á borð samninganefndar miðvikudaginn 28. febrúar 2018.

Komi ekkert ásætlanlegt tilboð sem rétt getur af þann forsendubrest sem orðið hefur leggur trúnaðarráð VR til að samningum verði sagt upp áður en að frestur til þess rennur út og þá verði krafa okkar í viðræðum sú að laun hækki í samræmi við ákvörðun kjararáðs um hækkun þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins.”

Aðkoma ríkisstjórnarinnar

Í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem kynnt var þann 27. febrúar, eða daginn fyrir formannafund ASÍ, voru lagðar til breytingar sem m.a. varða Ábyrgðarsjóð launa, Atvinnuleysistryggingasjóð og tekjuskattskerfið. Hámarksfjárhæð mánaðarlegra greiðslna úr Ábyrgðarsjóði launa hækkar úr 385 þúsund í 633 þúsund, án þess að hreyft verði við því

gjaldi sem greitt er til sjóðsins. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda 1. júlí 2018. Þá verða atvinnuleysisbætur hækkaðar í 90% af dagvinnu-tekjutryggingu frá og með 1. maí 2018 en hlutfallið er nú 70%. Tekjuskattskerfið verður tekið til endurskoðunar með áherslu á lækkun skattbyrði og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi persónuafsláttar og samspili við bótakerfi sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa.

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Nýr kjarasamningur milli VR og Elkem Ísland á Grundartanga var undirritaður þann 12. maí 2017, afturvirkur frá 1. febrúar það sama ár. Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu með 71% greiddra atkvæða. Hjá Elkem Ísland starfa 18 félagsmenn VR. Kjarasamningurinn er milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR, Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands, Stéttarfélags Vesturlands og Verkalýðsfélags Akraness hins vegar.



KJARAMÁL


Sérfræðingar á kjaramálasviði tóku á móti 1.859 nýjum málum árið 2017 samanborið við 1.608 árið áður. Aukning milli ára er því um 15,6%. Ef talin eru með veitt atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn á árinu 2017 var málafjöldinn alls 2.015 á árinu. Fjöldi veittra atvinnuleyfa hefur aldrei verið hærri síðan mælingar hófust, 156 talsins, þar af voru 84 framlengingar og 72 ný leyfi.

Aukning félagsmanna með erlent ríkisfangs


Fjöldi félagsmanna með erlent ríkisfang árið 2017 var um 25% af þeim fjölda sem óskaði aðstoðar sviðsins sem er um 55% aukning frá fyrra ári. Aukningin frá árinu 2008 er um 208% en málum sem komu til kasta sviðsins fjölgaði um 36% á sama tímabili.

Fjöldi mála í vinnslu

Um áramótin 2017-2018 var VR með 199 mál í vinnslu, þar af voru 85 hjá lögmanni félagsins. Af þessum 199 málum voru 149 vegna ársins 2017, 23 vegna ársins 2016, 21 frá árinu 2015 og síðan 6 þaðan af eldri.



Fjöldi kjaramála 2017



EFNAHAGSYFIRLIT VR

VR hefur frá lokum árs 2015 gefið út og birt opinberlega á vefsíðu sinni Efnahagsyfirlit VR en það er unnið af starfsmönnum félagsins og gefið út í tengslum við mánaðarlega fundi stjórnar félagsins. Í yfirlitinu er fjallað um helstu lykiltölur íslensks efnahagslífs, stöðuna og spár fyrir næstu misseri.

KAUPMÁTTARREIKNIVÉL VR KYNNT


VR kynnti í janúar 2018 nýja reiknivél á vef félagsins þar sem einstaklingar geta reiknað kaupmáttarþróun eigin fjölskyldu yfir valið tímabil miðað við uppgöfnar forsendur. Þetta er í fyrsta skipti sem fjölskyldur geta skoðað eigin kaupmáttarþróun og borið saman við útgafna kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Tveir starfsmenn starfa nú við vinnustaðaeftirlit á vegum VR, á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi en eftirlitið er unnið í samstarfi við önnur stéttarfélög. Fyrri hluta 2017 var einn starfsmaður á vegum VR við eftirlitið. Vinnustaðaeftirlit felur í sér heimsóknir á vinnustaði á félagssvæðinu þar sem kannað er hvort farið sé eftir lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Vinnustaðaeftirlit var fest í lög árið 2010 en frá árinu 2016 hefur markvisst verið unnið að því að koma á skipulagi og samræmdu verklagi hjá aðildarfélögum ASÍ.

Á höfuðborgarsvæðinu voru skráðir 1.614 einstaklingar af eftirlitsfulltrúum VR og Eflingar stéttarfélags en þeir störfuðu hjá 347 fyrirtækum. Á Suðurlandi voru heimsóknirnar vel yfir 100 talsins frá hausti 2017. Helstu athugasemdir eftirlitsfulltrúa snúa að vöntun á vinnustaðaskirteinum. Stór hluti heimsókna eftirlitsfulltrúa er endurkoma sem farin er innan mánaðar til að tryggja að tillögum eftirlitsaðila um úrbætur sé fylgt eftir.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR 2017





DÓMSMÁL

Á árinu voru rekin þó nokkur dómsmál er vörðugu innheimtu launa eða ágreining um túlkun á kjarasamningi. Hér eru rakin þrjú áhuga-verð mál.

Í einu máli var deilt um hvort greiða ætti fyrir yfirvinnu eða hvort hún væri innifalin í umsömdum launum. Málavextir voru þeir að gerður var ráðningarsamningur sem kvað á um laun upp á 370.000 kr á mánuði og tekið fram að vinnuskylda væri 184 stundir að meðaltali á mánuði. Mánaðarleg vinnuskylda skv. kjarasamningi VR er 171,15 stundir á mánuði. Deilt var um hvort greiða ætti fyrir vinnu umfram 184 stundir. Óumdeilt var að starfsmaður mátti taka umfram vinnustundir út í fríi. Starfsmaðurinn hafði þó ekki tök á frítöku vegna mikils vinnuálags. Af hálfu fyrirtækisins var því haldið fram að ekki bæri að greiða fyrir vinnu umfram 184 stundir. Ef vinna færi mikið fram úr því ætti að endurskoða launin. Það hafi verið gert og laun hækkuð á starfstímanum. Auk þess hafi starfsmanninum verið greiddar aukagreiðslur sem væri umbun fyrir meira vinnuframlag en samið var um. Af hálfu starfsmannsins var því mótmælt að launahækkarnir hafi verið fyrir yfirvinnu. Launahækkarnir hafi verið einkum vegna kjarasamningsbundinna hækkana og umfram það vegna þess að starfsmaðurinn hafi staðið sig vel í starfi. Ráðningarsamningi hafi ekki verið breytt, þ.e.a.s. við hækkan launa var umsömdum vinnustundum ekki breytt. Starfsmaður féllst hins vegar á að taka tillit til aukagreiðslna sem áttu að vera bónus fyrir góð störf sem innborgun á yfirvinnu. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að samið hafi verið um föst laun fyrir 184 stundir og þar sem hann hafi ekki átt kost á að taka það út í fríi bæri vinnuveitanda að greiða yfirvinnu fyrir umfram vinnustundir. Þessu máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Í öðru máli var deilt um hvort starfsmaður hafi gerst sekur um trúnaðarbrot sem réttlætt gæti fyrirvaralaus uppsögn. Málavextir voru þeir að við ráðningu hjá fyrirtæki sem var í hótélrekstri var tekið fram að starfsmaður myndi segja sig úr stjórn einkahlutafélags á sviði ferðaþjónustu sem starfsmaðurinn var skráður fyrir. Starfsmanninum láðist að segja sig úr félaginu og var sagt upp störfum fyrirvaralaust vegna brota á trúnaði og jafnframt að hafa svarað tölvupósti í nafni einkahlutafélagsins þar sem nafn þess kom fram. Hið umdeilda félag skipulagði 2-3 ferðir á ári fyrir ljósmyndara sem eiginmaður starfsmannsins sinnti en ekki var annarri starfssemi til að dreifa. Starfsmaðurinn bar fyrir sig að hann hefði hreinlega gleymt að segja sig úr stjórn og aldrei hefði verið eftir því gengið auk þess sem engin samkeppni væri á milli þessara tveggja félaga. Niðurstaða málsins var sú að þó starfsmaðurinn hafi ekki sagt sig úr stjórn félagsins réttlætti það ekki fyrirvaralaus riftun ráðningarsamnings án undangenginnar aðvörunar.

Þá reyndi í einu máli á hvort starfsmanni sem var sagt upp og ekki óskað eftir vinnuframlagi í uppsagnarfresti þyrfti að sæta því að áunnið orlof kæmi inn í uppsagnarfrest. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að láta orlof falla inn í uppsagnarfrest þó svo að fallið væri frá vinnuframlagi.

SJÚKRASJÓÐUR

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

Varðandi tekjur árið 2017 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	Fjöldi	2017		Fjöldi	Upphæð
		Upphæð	2016		Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	1.081	1.253.923.146	918	946.086.172	
Dánarbætur	104	42.936.736	101	39.221.983	
Örorkubætur	17	20.524.879	15	23.888.563	
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	117	22.417.700	78	12.811.996	
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.302	1.339.802.461	1.083	1.022.008.714	
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		15.865.612		11.627.399	

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

SJÚKRADAGPENINGAR

Greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist um 72,7% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa. Þetta má helst rekja til aukningar geðraskana, sem nam 325% á tímabilinu umfram hækkun launa, og stoðkerfa en þar var aukningin 171% umfram hækkun launa. Milli árána 2016 og 2017 var aukningin þó mest í sjúkdómaflokknum kviðarhol og meltingarfæri en dagpeningar jukust þar um 88% eða 79% umfram hækkun launa.

FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2017 - 2018

Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Rannveig Sigurðardóttir.


Varamenn:

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson.



Á myndinni eru frá vinstri Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Rannveig Sigurðardóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Dóra Magnúsdóttir.


Skipting sjúkradagpeninga 2017



72,7%

Greiðsla sjúkradagpeninga hefur aukist um 72,7% frá árinu 2006, að teknu tilliti til þróunar launa.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum




VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyris-sjóðir landsmanna í hópinn og 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa 10 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkrabjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2017 voru 320 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 206 voru útskrifaðir. Frá árinu 2009 til loka árs 2017 sóttu 2.007 einstaklingar til ráðgjafa VIRK hjá VR og 1.134 útskrifuðust. Á grafinu á síðunni má sjá að tæplega sex af hverjum tíu hafa öðlast starfsgetu og eru færir um að snúa aftur á vinnumarkað eftir að hafa sótt aðstoð og þjónustu VIRK hjá VR.

Framfærslustaða félagsmanna í lok þjónustu VIRK 2017




2.007

einstaklingar sóttu til ráðgjafa VIRK hjá VR frá árinu 2009 til loka árs 2017.



Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá VIRK



STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2017 voru greiddar tæplega 390 milljónir króna í starfsmennta- styrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum samanborið við rúm- lega 374 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 4%. Um- sóknir árið 2017 voru alls 7.867 en voru 7.553 árið áður. Alls fengu 6.650 félagsmenn styrki á árinu 2017 en árið 2016 voru þeir 6.311.

Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR var stofnuð árið 2013 en meðal verkefna henn- ar frá þeim tíma hefur verið að vinna að hæfnigreiningu starfa í versl- un. Meginverkefnið á starfsárinu var þróun fagháskólanáms fyrir versl- unarstjóra en í verkefninu var stuðst við áðurnefnda hæfnigreiningu fjögurra starfa í verslun. Verkefnið var unnið á vettvangi starfsmennta- sjóðanna beggja sem og starfsmenntanefndar og er lýst betur hér að neðan. Á starfsárinu var einnig unnið að endurskoðun á menntastefnu VR og hún samþykkt.

Starfsmenntasjóði

Á árinu var ákveðið í stjórnnum SVS og SV að hækka hámarksstyrk í allt að 130.000 kr. á ári og að veittur sé 90% styrkur vegna náms, starfs- tengdra námskeiða og ráðstefna. Þeir félagsmenn sem ekki hafa nýtt styrkinn í 3 ár eiga því rétt á allt að 390.000 kr. uppsöfnuðum styrk fyrir einu samfelldu námi. Tömsundastyrkur og ferðastyrkur hækkuðu einnig. Hækkunin tók gildi 1. janúar 2018.

Á árinu sóttu 445 félagsmenn um og fengu greiddan þriggja ára upp- safnaðan styrk en þeir voru 461 árið 2016.

Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2017 voru rúmlega 674 milljónir króna og gjöld rúmlega 507 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins var tæplega 965 milljónir króna í lok árs 2017.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2017 voru rúmlega 42 milljónir króna og gjöld rúmlega 25 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins var rúmlega 166 milljónir króna í lok árs 2017.

Fræðslustjóri að láni

Alls bættist 21 fyrirtæki í hóp þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni á árinu 2017 samanborið við 32 fyrirtæki á árinu 2016. Nokkuð var um áberandi stór fyrirtæki sem tóku þátt í verkefninu 2017 og eru nokkur þeirra með dreifða starfsemi á landsvísi. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Jafn- framt vinnur hann að mótun fræðsluáætlunar til eins eða tveggja ára í senn. Í lok verkefnis er farið yfir möguleika fyrirtækja varðandi styrk- veitingar frá starfsmenntasjóðunum enda lagt upp með að fyrirtæki sækji um styrki í sjóðinn þegar fræðsluáætlun er framfylgt.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Á starfsárinu var unnið að þróun fagháskólanáms fyrir verslunarstjóra. Verkefnið var eitt af fimm þróunarverkefnum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, ASÍ, SA og fleiri aðila. Verkefnið á sér langan

aðdraganda og unnin hefur verið mikil greiningarvinna. Þar má m.a. nefna viðhorfskönnun sem var send á 328 verslunarstjóra sem fylgt var eftir með fjarumræðuborði þar sem verslunarstjórar tóku virkan þátt í mótun námsins og uppbyggingu þess. Samstarfsskólar í verkefni- nu eru Háskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík. Í kjölfar öflugs markaðs- og kynningarstarfs á vegum SVS, VR og SVÞ skráðu sig alls 43 í námið. SVS og VR réðu náms- og starfsráðgjafa sem verkefnastjóra námsins. Haft var samband við þá umsækjendur sem ekki komust inn að sinni og kortlagðir möguleikar hvers og eins til að uppfylla inntöuskilyrðin með það að markmiði að hefja diplómanámið seinna. 21 nemandi var innritaður í námið í byrjun febrúar 2018.

Starfsgreinaráð

Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að veita mennta- og menningar- málaráðherra ráðgjöf um málefni starfsmenntunar á framhaldsskóla- stigi og gefa honum umsögn um námsbrautalýsingar sem skólar leita staðfestingar á. ASÍ tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR full- trúa í tveimur þeirra. Gegndu þeir báðir formennsku ráðanna á árinu og sitja því einnig fundi starfsmenntanefndar.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Starfsgreinaráðið sinnir fjölmörgum verkefnum sem snúa að menntun og fræðslu fyrir skrifstofu- og verslunargreinar. Á starfsárinu var m.a. haldið áfram vinnu við hæfniröfur og starfалýsingar á verslunarstörf- um og hafist handa við að hæfnigreina skrifstofustörf en Fræðslu- miðstöð atvinnulífsins leiddi þá vinnu. Kynnt var þróunarvinna um fagháskólanám fyrir verslunarstjóra og könnun á menntun þeirra kynnt. Ráðið hefur fylgst með þróun nýrrar brautar á framhaldsskóla- stigi með áherslu á verslun og þjónustu til stúdentsprófs. Að þróun brautarinnar standa SVÞ og Tækniskólinn. Ráðið sendi tillögur um úr- bætur í starfsmenntun á Íslandi til menntamálaráðuneytisins og verð- ur unnið með þær á vettvangi starfsmenntanefndar.

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina

Umsvif ráðsins eru talsverð þar sem greinarnar eru fjölmennar. Ráðið hefur unnið markvisst að því að yfirfara hæfniröfur starfa innan grein- anna með það að markmiði að skilgreina megi samspil vinnustaða- náms og skólanáms. Ráðið telur mikilvægt að samspilið sé gagnsætt í öllum greinum sem heyra undir ráðið og lýsi stigvaxandi hæfniaukn- ingu í faginu. Nokkrar námskrár liggja hjá ráðinu til umsagnar. Starfs- greinaráð matvæla-, veitinga og ferðaþjónustugreina hefur leitað til fagráða greinanna við vinnu á einstaka greinum.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2017 - 2018

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Teitur Lárusson (VR) formaður, Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefáns- son (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR), Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA) og Ólafur Finnbogason (SA).

Varamenn:

Gils Einarsson (LÍV), Björg Ársælsdóttir (SA), Guðrún Björk Hallbjörns- dóttir (VR) og Hannes Sigurðsson (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) formaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

Á árinu 2017 voru 46 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 27 orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2017 voru 4.170 samanborið við 3.769 árið 2016. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

NÝ ORLOFSHÚS

Á starfsári stjórnar tók VR í notkun nokkur ný hús, í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar frá því í október 2016 um átak í fjölgun orlofshúsa. Á áttakinu felst að húsum verði fjölgað um allt að tuttugu á næstu árum. Á starfsárinu 2017-2018 voru eftirtalin orlofshús eða -íbúðir teknar í notkun: Tvö hús í Hálöndunum á Akureyri, hús í Stykkishólmi, tvö hús í Ölfusborgum, íbúð við Ofanleiti í Reykjavík auk þriggja orlofshúsa í Húsafelli og tveggja í Grímsnesi. Gengið var frá kaupunum á húsunum í Húsafelli, Grímsnesi og á Akureyri fyrr á árinu 2017. Í tengslum við sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands bættust tvö hús við, eitt á Flúðum og eitt í Reykjaskógi.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT

VR býður félagsmönnum sínum afslátt í flug með Icelandair og WOW air. Á árinu 2017 voru seldir 7.396 afsláttarmiðar sem er 16,3% aukning frá árinu áður.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrval Útsýn. Á árinu 2017 voru 485 miðar seldir með innanlandsfluginu og 67 miðar í pakkaferðir. Þá selur VR félagsmönnum sínum veiði-, golf- og útilegukort og voru alls 836 kort seld á árinu 2017. Þá voru seldir 1.870 miðar í Hvalfjarðargöng.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2016 - 2017

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2017 og endurleigði til félagsmanna.



STJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2017 - 2018

Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Sigurður Sigfússon og Unnur María Pálmadóttir.

Varamaður: Benedikt Vilhjálmsson.



Á myndinni er frá vinstri Helga Ingólfssdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Sigurður Sigfússon og Harpa Sævarsdóttir. Á myndina vantar Bjarna Þór Sigurðsson.

Nýting orlofshúsa

	Fjöldi gistinátta		Nýting sumar		Nýting vetur*	
	2017	2016	2017	2016	2017	2016
Akureyri (12)	2.674	1.822	93%	93%	68%	64%
Einarsstaðir (8)	925	769	96%	94%	34%	35%
Flúðir (3)	847	712	96%	95%	50%	55%
Húsafell (6)	1.016	617	92%	94%	49%	44%
Miðhúsaskógur (26)	5.017	4.900	78%	93%	43%	42%
Reykjavík (3)	707	627	97%	95%	88%	82%
Vestmannaeyjar	291	276	85%	95%	50%	38%
Ölfusborgir	297	297	100%	100%	75%	75%
Lækjarbakki (2)	258	-	100%	-	33%	-
Önnur hús (23)	1.942	2.260				
Samtals gistinætur	13.974	12.280				

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.

7.396
Fjöldi afsláttarmiða
seldir á árinu 2017.

ÁLYKTANIR, FUNDIR OG NEFNDIR

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR UM SKATTLEYSI LÆGSTU LAUNA

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 13. september 2017 að beina þeim tilmælum til stjórnvalda að endurskoða fjárhæð persónuafsláttar til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990 í fjárlagafrumvarpi 2018. Mikilvægur þáttur í að tryggja stöðugleika og raunverulega kaupmáttaraukningu væri að festa með lögum að afslátturinn fylgi launavísitölu. Markmið félagsins væri að lægstu laun verði skattfrjáls með hækkuð persónuafsláttar en það verði ein af aðalkröfum félagsins í kjarasamningaviðræðum.

ÁSKORUN STJÓRNAR VR VEGNA OFURBÓNUSA

Stjórn VR samþykkti þann 14. desember 2017 að skora á almenning og fyrirtæki á Íslandi að hugsa sig um áður en þau beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem greiða ofurbónusa til æðstu stjórnenda. Þessi áskorun var samþykkt í ljósi fréttu af fyrirhuguðum ofurbónusgreiðslum til æðstu stjórnenda Klakka sem eiga fjármálafyrirtækið Lykil, sem áður hét Lýsing.

ÁLYKUN STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS VEGNA KJARASAMNINGA

Þann 27. febrúar samþykkti fundur stjórnar og trúnaðarráðs ályktun í tilefni af endurskoðun kjarasamninga í lok þess mánaðar. Það var mat fundarins að forsendur samninganna væru brostnar og að óbreyttu ætti að segja þeim upp. Sjá nánar umfjöllun um endurskoðun kjarasamninga á bls. 7.

YFIRLÝSING FORMANNS VR

Formaður VR sendi frá sér yfirlýsingu þann 4. maí 2017 vegna umfjöllunar um ræðuhöld á Ingólfstorgi í tilefni 1. maí og yfirlýsingar fulltrúa-ráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Formaður VR kvaðst hafa reynt að koma því áleiðis til ráðsins að hann byði sig fram til að halda ræðu á torginu þennan dag. Ekki hafi reynt unnt að hliðra til í dagskrá ráðsins og hafi hann því afraðið að halda ræðu á öðrum fundi á Austurvelli í kjölfar kröfugöngunnar. Sú ákvörðun hafi ekki verið birtingarmynd klofnings innan VR.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2016 – 2017

Stjórn VR fundaði alls 12 sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði 4 sinnum á starfsárinu.

Tveir **félagsfundir** voru haldnir á starfsári stjórnar 2017–2018. Sá fyrri var haldinn 12. september 2017 þar sem greidd voru atkvæði um 65 fulltrúa félagsins á 30. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna sem haldið var á Akureyri í október það sama ár. Síðari fundurinn var haldinn 5. mars 2018 en á honum kynntu frambjóðendur til stjórnar starfsárið 2018–2020 áherslur sínar.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2017 var haldinn 16. maí. Kosið var í stjórn deildarinnar og var Kristín María Björnsdóttir endurkjörin formaður. Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gests-

son voru kosin aðalmenn og Anna Karlsdóttir, Ellen Rós Baldvinsdóttir og Ingunn Kjartansdóttir voru kosnar varamenn.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum fyrir árið 2017 var haldinn 23. maí. Bjarni Danielsson var kosinn formaður deildarinnar til tveggja ára en í stjórn voru kosnar sem aðalmenn Sigríður Stefánsdóttir til eins árs og Þórhildur Ragna Karlsdóttir til tveggja ára. Varamenn í stjórn voru kosin þau Guðný Hrefna Einarsdóttir til tveggja ára og Sigurjón Lárusson til eins árs.

Stofnfundur deildar VR á Suðurlandi var haldinn 2. maí (sjá bls. 18 um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands). Gils Einarsson var kosinn formaður deildarinnar til tveggja ára en aðrir stjórnarmenn voru kosnir Ásta Björk Ólafsdóttir til tveggja ára og Arndís Anna Sveinsdóttir til eins árs. Jónas Yngvi Ásgrímsson var kosinn varamaður til tveggja ára en Sigríður Erlingsdóttir og Hólmfríður Stella H. Ólafsdóttir voru kosnar varamenn til eins árs. Þá var Ásta Björk kosin varaformaður og Arndís Anna ritari.

30. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna var haldið á Akureyri dagana 13. til 14. október 2017. Þingið sátu 65 fulltrúar frá VR. Kjara- og húsnæðismál voru helstu mál þingsins.

Opinn fundur um vexti og verðtryggingu var haldinn í Háskólabíó þann 7. október 2017 en að fundinum stóðu VR og Verkalýðsfélag Akraness. Með fundinum vildu félögin vekja athygli á einu brýnasta hagsmunamáli heimilanna í landinu, háu vaxtastigi og verðtryggingu neytendalána. Fundurinn var einnig sýndur í beinni útsendingu á netinu.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í uppstillinganefnd 2018 – 2020 sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem er formaður, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinnsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Ingi Guðmundur Ingason, Linda Rós Reynisdóttir og Þórður Mar Sigurðsson. Nefndin fundaði einu sinni á starfsárinu. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar en auglýst var 11. janúar 2018. Framboðsfrestur var til 19. janúar 2018. Uppstillinganefnd lagði framboðslista fram á fundi trúnaðarráðs 22. janúar 2018 og var hann samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi.

Í launanefnd sitja Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra.

Í húsnæðisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður, Elizabeth Ann Courtney, Helga Ingólfssdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson og Ólafur Reimar Gunnarsson. Varamenn eru Birgir Már Guðmundsson og Guðrún Björg Gunnarsdóttir. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

Í laganefnd sitja Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir sem er formaður, Harpa Sævarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir og Sigurður Sigfússon. Hlutverk laganeftdar er að yfirfara og



koma með tillögum til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Í starfsmenntanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, og Unnur María Pálmadóttir. Varamenn eru Ólafur Reimar Gunnarsson og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir. Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna.

Í jafnréttisnefnd sitja Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir sem er formaður, Bjarni Þór Sigurðsson og Elizabeth Ann Courtney. Varamenn eru Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsmanna sinna, án allrar aðgreiningar.

Í kjaramálanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Birgir Már Guðmundsson, Elizabeth Ann Courtney, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir og Unnur María Pálmadóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í framkvæmdstjórn vinnudeilusjóðs sitja Benóný Valur Jakobsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Varamaður er Elizabeth Ann Courtney. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR, sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþánna, fjárhagsaðstoð.

Í kjörstjórn sitja Magnús Norðdahl sem er formaður, Hjördís Jónsdóttir og Þorsteinn Þórólfsson. Varamenn eru Þóra Skúladóttir og Jón Hrafn Guðjónsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

ERLEND SAMSKIPTI

Höfuðborgarráðstefnan 2017 var haldin í Osló í Noregi dagana 12. – 14. júní og sóttu hana 3 fulltrúar VR. Meðal þess sem rætt var á ráðstefnunni var hvernig verkalyðshreyfingin eigi að takast á við þá rafrænu og tæknilegu þróun sem nú eigi sér stað á Norðurlöndunum. Þá var einnig rætt um reynslu félaganna úr nokkrum stórum fyrirtækjasamsteypum og keðjum þar sem reynt hefur verið að brjóta stéttarfélög á bak aftur.

Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarfélaganna í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna. Ráðstefnan 2018 verður haldin í Finnlandi.

Stjórn VR ályktaði um skattleysi lægstu launa.

LAGABREYTINGAR

Nokkrar tillögur að breytingum á lögum VR voru samþykktar á aðalfundi þann 28. mars 2017.

Samþykkt var breyting á 1. gr. um félagssvæði og er hún til komin vegna sameiningar VR og Verslunarmannafélags Suðurlands, sem samþykkt var á fundinum.

Þá var samþykkt breyting á 3. gr. um félagsaðild til að skerpa á aðild öryrkja að félaginu þannig að greiðsla félagsgjalda af örorkulífeyri skal hefjast innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu lífeyris.

Gerð var breyting á 6. gr. um úrsögn úr félaginu. Þar segir nú að enginn geti sagt sig úr félaginu eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Þetta er í samræmi við almenna túlkun á ákvæðum um úrsögn aðildarfélaga Alþýðusambandsins.

Samþykkt var breyting á 11. gr. um hæfi stjórnarmanna. Í ákvæðinu segir að missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabilinu skuli hann tafarlaust víkja úr stjórn. Ákvæðið var útvíkkað til að taka til annarra kjörinna fulltrúa í stjórnun og ráðum félagsins.

Gerðar voru breytingar á gr. 20.2 til að skerpa á kosningu til trúnaðarráð með tilvísan til breytinga á 11. gr. um hæfi stjórnarmanna (sjá að ofan). Með breytingu á ákvæðinu er verið að gæta þess að trúnaðarráð sé alltaf því sem næst fullmannað. Þá var einnig gerð breyting á gr. 20.3 um framkvæmd kosninga og er nú gerð krafa um skrifleg meðmæli 1% félagsmanna við lista sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs. Sama krafa er gerð til mótframboðs gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR með fulltrúum á þing Landssambands ísl. verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands, skv. breytingum sem samþykktar voru á gr. 21., um kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ.

Gerð var breyting á 23. gr. um aðalfundi þar sem sem bætt er við að auglýsa þurfi aðalfund í dagblöðum og vefmiðlum VR, eða á annan sannanlegan hátt.

Breyting var samþykkt á 25. gr. um félagsfundi þar sem samræmdur er sá fjöldi sem geti krafist félagsfundar og þeirra meðmælenda sem þarf til að bjóða fram lista gegn lista trúnaðarráðs til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Þá er einnig samræmt orðalag um auglýsingu aðalfundar og félagsfundar, sjá að ofan.

Að lokum var samþykkt breyting á 28. gr. um lagabreytingar þar sem segir nú að á aðalfundi sé eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafi verið fyrir félagsstjórn.

VR STEFNIR ÍSLENSKA RÍKINU VEGNA ÁKVÖRÐUNAR KJARARÁÐS UM HÆKKUN LAUNA ALÞINGISMANNA OG RÁÐHERRA

Stjórn VR, ásamt Jóni Þór Ólafssyni alþingismanni, hefur stefnt íslenska ríkinu vegna ákvörðunar kjararáðs um hækkun á launum alþingismanna og ráðherra síðla árs 2016. VR telur að kjararáð hafi ekki farið að lögum við ákvörðun sína enda standi það skýrum stöfum í lögum um kjararáð að ráðið skuli við ákvarðanatöku „ætið taka tillit til almennrar

þróunar kjaramála á vinnumarkaði“. VR krefst þess að ákvörðunin, sem stefnir stöðugleika á vinnumarkaði í bráða hættu og hefur þannig bein áhrif á hagsmuni félagsmanna VR, verði tafarlaust ógilt með dómi. Fyrirhugað er að málflutningur fari fram þann 20. apríl 2018.

HÆSTIRÉTTUR DÆMIR VR Í VIL Í MÁLI FÉLAGSINS GEGN RÍKINU VEGNA BREYTINGA Á ATVINNULEYSISTRYGGINGUM

Í júní 2017 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í máli VR gegn íslenska ríkinu sem höfðað var vegna breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar sem komu til framkvæmda í byrjun árs 2015. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt VR í vil í málinu. Í dómi sínum tók Hæstiréttur undir þá kröfu félagsins að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að skerða stjórnarskrárvarinn rétt hundruða félagsmanna VR til atvinnuleysisbóta með því að stytta bótatímabilið um sex mánuði. Ítarlega frétt um dóm réttarins má lesa í frétt á vris sem birt var þann 20. júní 2017.

Í ljósi niðurstöðunnar gerði VR þá kröfu til Vinnumálastofnunar að stofnunin flytti endurreikningi á atvinnuleysisbótum allra félagsmanna VR sem og annarra einstaklinga sem breytingin náði til.

VR STOFNAR LEIGUFÉLAG

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar 2018 að stofna leigufélag fyrir félagsmenn VR, félag sem ekki verði rekið í hagnaðarskyni. Áður hafði trúnaðarráð félagsins fjallað um málið á tveimur fundum og samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til þess að halda áfram vinnu við stofnun slíks félags. Nánari útfærsla á verkefninu verður í höndum húsnæðisnefndar VR.

VR VARASJÓÐUR

Á aðalfundi þann 28. mars 2017 var samþykkt tillaga um 785 milljóna króna framlag í VR varasjóð fyrir árið 2016 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega sjö milljónir króna vegna ársins 2015. Þetta er 42,7% hærra framlag en árið á undan. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2017 námu alls kr. 612.890.744 og fengu 15.849 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 268 milljónir króna. Árið 2016 námu greiðslur tæplega 493 milljónum króna og fengu 14.248 einstaklingar greitt úr sjóðnum það ár.

15.849

Fjöldi félagsmanna sem fékk greitt úr VR varasjóði.



STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirpurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2017 var 17.405 sem er 2% aukning frá fyrra ári. Heildarfjöldi símtala til félagsins var 54.114 eða rúmlega 4.500 símtöl á mánuði að meðaltali. Símtölum fækkaði um tæplega 3% á milli ára. Þá bárust tæplega 11.600 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2017. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins á Akranesi, Egilsstöðum, Selfossi, í Reykjavík og Vestmannaeyjum.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2017

Fyrirtæki ársins 2017, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán á árinu en þá var gerð sú breyting að tilnefna fimm fyrirtæki í hverjum stærðarflokki í stað eins áður. Fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja með 50 eða fleiri starfsmenn voru **CCP, Johan Rönn-ing, Nordic Visitor, S4S** og **TM Software**. Í hópi fyrirtækja með 20 – 49 starfsmenn voru fyrirtæki ársins **Expectus, Fulltingi, Iceland Pro Travel, Kortþjónustan** og **Margt smátt**. Í hópi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn voru fyrirtæki ársins **Beiersdorf, Eirvík, Rafport, Sigurborg** og **Vinnuföt**.

Tíu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki 2017. Könnunin var gerð í upphafi árs 2017 og niðurstöður birtar í maí. Í endanlegu úrtaki könnunarinnar voru rúmlega 33 þúsund og var svörun um 40%.

Launakönnun 2017

Heildarlaun félagsmanna í VR hækkuðu um 5,5% frá janúar 2016 til janúar 2017, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins sem birtar voru í maí. Grunnlaun hækkuðu um sama hlutfall. Launamunur kynjanna breyttist ekki marktækt á milli ára, kynbundinn munur er 11,3% en munur á heildarlaunum 15%.

#MeToo – könnun meðal félagsmanna

VR stóð fyrir könnun meðal félagsmanna sinna um tíðni kynferðislegrar áreitni í desember 2017 og janúar 2018. Samkvæmt niðurstöðunum hafa 38,5% félagsmanna orðið fyrir áreitni í starfi einhvern tímann á ferlinum, 52% kvenna og 22% karla. 9% höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni 12 mánuðina fyrir könnun, 11% kvenna og 6% karla.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu. Upplag var rúmlega 27 þúsund að meðaltali fyrir hvert prentað tölublað.

Notendur vefsíðu félagsins voru að meðaltali tæplega 34 þúsund á mánuði á árinu 2017, m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins. Alls skráðu tæplega 25 þúsund félagsmenn sig inn á Mínar síður á vefnum á árinu.

Vorið 2017 hleypti VR af stokkunum herferðinni „**Þekktu þinn rétt**“ þar sem réttindi á vinnumarkaði eru kynnt á nokkrum tungumálum. Birtar voru auglýsingar og fjallað um mikilvægi þess að starfsmenn á vinnumarkaði kynni sér réttindi sín og skyldur.

ÖNNUR STARFSEMI

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA FYRIR NEMENDUR

VR bauð upp á 10 hádegisfyrirlestra á starfsárinu sem um 500 félagsmenn sóttu. Þá voru haldin tvö almenn námskeið og sóttu þau alls 52 félagsmenn. Einnig var boðið upp á aðstoð við skil skattframtalsins í mars 2018 sem 25 félagsmenn nýttu sér.

Níu námskeið voru haldin sérstaklega fyrir trúnaðarmenn og sóttu þau 220. Auk þess var haldin ráðstefna fyrir trúnaðarráð og trúnaðarmenn í apríl 2017 undir heitinu Komdu á trúnað.

VR-Skóli lífsins

Í byrjun mars 2018 höfðu alls 4.708 einstaklingar lokið við VR-Skóla lífsins frá því að honum var komið á fót í september 2017. Á starfsári stjórnar 2017-2018 luku 1.240 einstaklingar þátttöku. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 – 24 ára fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið VR-Skóla lífsins opnum höndum og í lok febrúar 2018 höfðu 20 framhaldsskólar á landsvísu ýmist kennt námskeiðið í lífsleikni eða sambærilegum áföngum eða fyrirhuga kennslu.

Fræðsla fyrir nemendur

